


Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Jósúa tekur við forystu



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest

Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Aðlagð af: Ruth Klassen

Saga 13 af 60

www.M1914.org


Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska


Icelandic

Að Móse látnum, kaus
Guð Jósúa sem eftirmann
hans til að veita Ísraelum
forystu. Áður en Jósúa
útbjó menn sína til
hernaðar, varð hann
að undirbúa sig.




1

Guð hafði lofað Jósúa
velgengni og sigri í
fyrirheitna landinu,
ef fólkíð hlýðnaðist
fyrirmælum Guðs í
einu og öllu.



2



Ísraelar hétu því að fylgja Jósúa og fara eftir lögum Guðs.

3



Þá sendi Móse tvo njósnara inn í Kanaanland til að kanna landið, þó einkum Jeríkó. Þar mundi fyrsta orusta þeirra eiga sér stað.

4




Konungi Jeríkó barst orð um að ísraelskir njósnarar hefðu sést, og að þeir héldu til í húsi Rahab. Hann sendi hermenn sína til að leyta þeirra. Þegar hermennirnir börðu á dyrnar, faldi Rahab njósnarana undir hörstönglum.

5



Jafnskjótt og hermennirnir voru farnir, lét Rahab mennina síga í vað út um gluggann og út fyrir borgarmúrinn. Af hverju hjálpaði hún njósnurunum? Hún vissi að Guð var með þeim, og vonaði að Guð mundi bjarga lífi sínu. Njósnararnir lofuðu að bjarga henni og fjölskyldu hennar.

6



Áður en þeir náðu til Jeríkó, urðu Ísraelar að fara yfir Jórdan til að komast inn í fyrirheitna landið, Kanaanland. En það var engin brú! Hvernig áttu þeir að komast yfir?


7



Guð sagði Jósúa að prestarnir ættu að veita hermönnum og fólkinu forystu, og bera sáttmálsörkina með boðorðunum tíu. Þegar fætur prestanna snertu vatnið, gerðist stórkostlegt kraftaverk. Guð opnaði þurran göngustíg í gegnum Jórdan.


8

Með Guðs hjálp komst allt fólkið yfir ána heilu og höldnu. Jósúa lét fólkið taka tólf steina upp úr miðri Jórdan sem minnismerki fyrir börn þeirra um hinn mikla kraft og kærleika Guðs. Minnisvarðinn var hlaðinn úr steinunum við Gilgal.




9

Borgarmúrar Jeríkó voru þykkir og rammbbyggðir. Á meðan Jósúa ráðgerði orustuna bárust honum skilaboð frá Guði til að minna hann á að Guð vinnur allar orustur fólks síns.




10



Jósúa fékk furðulegt boð frá Guði um hvernig hann ætti að sigrast á Jeríkó. Hermennirnir áttu að ganga umhverfis borgina einu sinni á dag, sex daga í röð, og sjö sinnum á sjöunda degi.


11



Síðan að þeyta lúðra sína og æpa heróp, og þá mundu múrarnir hrynja til grunna.


12

Jósúa og hermenn hans gerðu nákvæmlega það sem Guð hafði skipað þeim. Líklegt er að Jeríkóbúar hafi gert grín að þeim.



13

En eftir sjöunda hring á sjöunda degi þeyttu þeir lúðrana, og eins og Guð hafði sagt fyrir um ... HRUNDI BORGARMÚRINN MIKLI TIL JARÐAR!



14




Hús hennar var eina húsið á múrnum sem ekki eyðilagðist, en Rahab hafð hengt purpurarauðann borða sem njósnararnir gáfu henni, út um gluggann.

15




Eftir að Rahab og fjölskyldu var bjargað, brann Jeríkó upp til ösku.

16



Jósúa tileinkaði öllu gulli, silfri og öðrum fjármunum Jeríkó til þjónustu Guðs. Síðan formælti hann hverjum þeim er mundu endurbyggja þessa synsamlegu borg.

17



Fyrr en varði bárust fréttir um sigur Jósúa yfir Jeríkó, um allt Kanaanland. Og allir vissu að Guð var með fólkinu sínu.

18

Jósúa tekur við forystu

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Jósúa 1-6

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá eftirfarandi til Guðs: **Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen**

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!